

Starfshættir



5. bekkur

Í 5. bekk eru tveir umsjónarkennarar sem vinna saman í teymi.

Stundatöflunni er skipt upp í þrjár lotur. Tvær fyrir hádegi og ein eftir hádegi.

Í íslensku er megináherslan lögð á lestur og bókmenntir, ritun, málfræði og talað mál og hlustun. Kennsluhættir eru fjölbreyttir og í formi innlagna, einstaklingsvinnu, samvinnu og stöðvavinnu.

Í stærðfræði fá nemendur áætlun í tengslum við innlagnir í hverri viku. Nemendur vinna ýmist sjálfstætt eða í hópum þegar við á og lögð er áhersla á að þeir geti unnið saman og á jafnréttisgrundvelli. Fjölbreyttir kennsluhættir eru hafðir að leiðarljósi og má sem dæmi nefna útikennslu, stærðfræðileiki, stærðfræðiverkefni í tölvum og stöðvavinnu þar sem komið er til

móts við nemendur með þrepaskiptum verkefnum. Nemendur kljást einnig við ýmis rannsóknarverkefni, mælingar hvers konar, tölfræði og hnit. Einnig geta nemendur fengið svokallaða áskorun í lok hvers námsþáttar, eða val um þrepaskipt verkefni á stöðvum. Stærðfræði fléttast inn í aðrar námsgreinar, svo sem þema og í tengslum við daglegt líf.

Samfélags- og náttúrufræði er kennd í mislöngum þemum. Samvinna er við list- og verkgreinakennara í þemum. Markvisst er unnið að því að efla sjálfstæði nemenda og auka virkni þeirra í námi.

Nemendum er mætt eftir getu og fá þeir námsefni við hæfi. Æskilegt er að nemandi ljúki námsmarkmiðum síns árgangs.



Þemu í 5. bekk

- Hafíð
- Jörð í alheimi
- Landið mitt Ísland
- Landnám Íslands
- Vinátta



6. og 7. bekkur

Teymisvinna er í 6. bekk og vinna tveir kennarar saman. Kennt er í lotum, tveimur fyrir hádegi og einni eftir hádegi og eru loturnar mislangar.

Í íslensku og stærðfræði leggja kennarar inn það kennsluefni sem farið er í hverju sinni í hópinnlögn. Nemendur vinna síðan ýmist í hópum eða á sínum vinnustöðvum í kennslustundum. Mikið er stuðst við stöðvarvinnu þar sem kennarastöðvar eru í bland við sjálfstæðar stöðvar.

Náttúrufræði og samfélagsgreinar eru kenndar í þeim. Mikið er lagt upp úr



Í 7. bekk eru tveir umsjónarkennarar sem vinna saman í teymi.

Stundatöflunni er skipt upp í þrjár lotur, tvær fyrir hádegi og ein eftir hádegi og eru þær mislangar.

Innlagnir eru í íslensku og stærðfræði þar sem farið er yfir það efni sem liggur fyrir hverju sinni. Nemendur vinna síðan ýmist í hópum eða á sínum vinnustöðvum í kennslustundum. Kennsluaðferðir eru margbreytilegar s.s. tölvuvinna, rannsóknarvinna, einstaklingsvinna, para- vinna og stöðvavinna.

hópavinnu í þessum greinum og leggja kennarar ýmist inn fyrir allan hópinn í einu eða skipta nemendum í smærri hópa. Það fer nokkuð eftir því hvaða þema er í gangi hvernig fyrirkomulagið er en fjölbreytileiki er mikill í kennsluháttum meðal annars með stöðvavinnu og hringekju. Nemendur hafa aðgang að þrepaskiptum verkefnum og komið er til móts við alla.

Samvinna er við list og verkgreina- kennara í þeim og leitast er við að samþætta sem mest námsefni.

Þemu í 6. bekk

- Vatn og rafmagn
- Maðurinn-hugur og heilsa
- Norðurlönd
- Snorra Saga

Þemu í 7. bekk

- Benjamín Dúfa
- Evrópa
- Helgileikur
- Njála
- Sögueyjan
- Vísindi

Náttúrufræði og samfélagsgreinar eru kenndar í þeim. Mikið er lagt upp úr hópavinnu í þessum greinum og leggja kennarar ýmist inn fyrir allan hópinn í einu eða skipta upp í smærri hópa. Það fer nokkuð eftir því hvaða þema er í gangi hvernig fyrirkomulagið er en fjölbreytileiki er mikill í kennsluháttum meðal annars með stöðvavinnu og hringekju. Samvinna er við list og verkgreinakennara í þeim og alltaf er leitast við að samþætta sem mest. Reynt er að mæta nemendum eftir getu með þrepaskiptum verkefnum.